HEIMSKRINGLA
Printing & Publishing Co.

heldur ársfund sinn á skrifstofu blaðsins, corner Ross Ave. & Nena St., laugardagskveldið 29. þ. m., kl. 8.

Þar verða þá framlagðir reikningar félagsins, kosnir menn í stjórnarnefnd þess fyrir komandi ár og annað það fyrir tekið er nauðsyn kann til að bera.

Winnipeg, 7. Dec. 1894.

THE HKR. PRTG. & PUBL. CO.
J. W. FINNEY,
forseti.

Winnipeg.

Lesið auglýsing "Heklu" á öðrum stað í blaðinu.

Hveitikaupmenn bæjarins vona nú að hveiti komist í 65 cts. bush. áður en veturinn er liðinn.

Herra Ísleifur Guðjónsson, bóndi í Álftavatnsnýlendu, heilsaði upp á oss núna í vikunni.

Hr. Kristmundur Sæmundsson fór á miðvikudaginn í kynnisför út í Grunnavatnsnýlendu, til bróður síns, Bjarnar S. Lindals.

Þeir bræður Bogi og Julius Eyford, og Sigurður Sigurðsson frá N. Dak., heilsuðu upp á oss á föstudaginn. Komu til bæjarins á fimtudag.

Lesið "Blue Store" auglýsinguna í þessu blaði. Það eru virkileg kjörkaup sem Mr. Chevrier býður viðskiftamönnum sínum, um jólin.

Séra Magnús J. Skaftason er væntanlegur heim úr Nýja Íslands ferð sinni í dag. Guðsþjónusta fer því fram í Únítarakyrkjunni nnnaðkveld (sunnudag), á venjulegum tíma.

The Pope Manufacturing Co. í Hartford, Conn., hefir sent oss ljómandi fallegt dagatal fyrir komandi ár, 1895. Hverjum sem vill senda félaginu 5 tveggja-centa frímerki (Bandaríkja) fær dagatalið með næsta pósti. Sendi einhver 4 cts. í frímerkjum að auki, fær hann verðskrá fél. yfir reiðhjólin: Columbia Bicycle, m. m.

Á laugardaginn 15. þ. m. lézt hér í bænum, ekkjan Anna Margrét Thorgrímsen, 53 ára gömul, eftir langvinnan sjúkdóm. Hún kom hingað til lands (til Winnipeg) frá Reykjavík fyrir 11 eða 12 árum síðan. Útför hennar fór fram frá fyrstu lút. kyrkjunni á fimtudaginn var.

Yfirréttardómararnir allir (3) komu saman á laugardaginn 15. þ. m. og gáfu sameiginlegan úrskurð (full court judgement) í máli Earls þess, er fyrir skömmu var dæmdur til 23 mán. fangelsisvinnu fyrir tilraun að nauðga íslenzkri stúlku. Neituðu þeir að ónýta þann dóm og má hann því sitja í fangelsi hinn ákveðna tíma.

Eins og til stóð vígði séra Hafst. Pétursson hina nýju ísl. lútersku kyrkju hér í bænum, Tjaldbúðina, á sunnudaginn var, með aðstoð þeirra séra Jóns Bjarnasonar og séra Jónasar A. Sigurðssonar, og í viðurvist mesta fjölda fólks. Á eftir prédikuninni las formaður safnaðarins, Jos. Polson, söguágrip safnaðarins, og gat þess að kyrkjan kostaði nær $3000.

Miss Bena Eyford, dóttir Jakobs Eyford, bónda að Eyford, N. Dak., giftist nýlega Mr. T. R. Shaw, lyfsala í Pembina, N. Dak. Hinir mörgu vinir Mrs. Shaw, hér í Winnipeg, árna henni allra heilla.

Sama blíðviðrið enn; á föstudagskvöld stórregn og krapi, er kom fram á nóttina. Í dag (föstud. um hádegi) norðanrok, en frostvægt.

Bæjarkosninga-úrslitin urðu þau, að Alex. McMicken var kjörinn 'mayor,' fékk 2 atkv. fleiri en Gilroy, sem ekki gerði minnstu tilraun til að útvega sér atkv. Feld var uppástungan um að taka $225,000 til láns til vatnsveitinga. Hið nýja bæjarráð verður sem fylgir:

Mayor — Alexander McMicken.

Meðráðendur:

Fyrir Ward 1.: E. Richards, C. W. N. Kennedy.
Fyrir Ward 2.: I. M. Ross, A. J. Andrews.
Fyrir Ward 3.: W. F. McCreary, B. E. Chaffey.
Fyrir Ward 4.: Geo. Craig, W. Jamieson.
Fyrir Ward 5.: J. C. Sproule, E. F. Hutchings.
Fyrir Ward 6.: W. Bannerman, H. Wilson.

Skólastjórn:

Fyrir Ward 1.: D. W. Bole, D. A. Ross.
Fyrir Ward 2.: F.C. Wade, J. Porter
Fyrir Ward 3.: J. O'Donohue, A. N. McPherson.
Fyrir Ward 4.: Dr. E. Benson, J. Scott.
Fyrir Ward 5.: J. Stuart, A. Brown.
Fyrir Ward 6.: J. H. Dobson, J. Carman.

Mér hafa verið afhentar bækur. 30 No. að að tölu, sem er gjöf frá Íslandsdætrafélaginu í Winnipeg til Lestrarfélagsins Hvöt. Fyrir hönd félagsins votta ég gefendunum innilegt þakklæti fyrir þessa fögru gjöf.

Otto P. O., 12. Desember 1894.
BJÖRN PORSTEINSSON.

STOFN-HÁTÍD.

Good-Templara stúkan HEKLA heldur 8. afmæli sitt hátíðlegt með sérlega vandaðri skemtisamkomu í

NORTHWEST HALL
. . . á . . .
föstudaginn 28. Desember.

Glymjandi söngur og hljóðfærasláttur, fjörugar ræður, upplestur, o. s. frv.

Auk þessara almennu skemtana ætlar stúkan að hafa glæsilegt

Jólatrje

á pallinum, og er öllum heimilt að senda á það gjafir til ættingja og vina. Gleðjið börnin með gjöf af jólatré HEKLU. Gjöfunum á tréð veita móttöku: Mrs. S. Olson, 522 Notre Dame Ave. og Guðm. kaupm. Johnson, Cor. Ross & Isabel Str.

Aðgangur að samkomunni 15 cts. fyrir fullorðna og 10 cts. fyrir börn.

Salurinn opinn kl. 1 e. h. á föstudag. Samkoman byrjar kl. 8. e. h.

Utanáskrift til JÓNS ÓLAFSSONAR ritstjóra er nú:

Norden Office,
284 Grand Ave.
Chicago, Ill.

Catarrh.—Brúkaðu Nasal Balm.—Fljót og viss lækning; linandi, hreinsandi, læknandi. (2

Hafði orm í maganum.

DRAKK OFAN Í SIG ORM Í MYRKRI.

Mrs. Westfall þjáðist óumræðilega.—Taugakerfið veiklaðist og dauðinn virtist að vera hið eina hjálpræði.

Tekið eftir Trenton Courier.

Þegar ritstjóri blaðsins Courier heyrði getið um hinn einkennilega sjúkdóm Mrs. Simon Westfall gerði hann fyrirspurn um það, og fékk eftirfylgjandi upplýsingar: Mrs Westfall sagði að fyrir hér um bil þremur árum fór hún einusinni út að brunni og náði sér vatni til að drekka. Þegar hún var að drekka fanst henni eitthvað lifandi fara ofan í sig, og sagði hún móðir sinni frá því þegar í stað. Hún hafði þá litla hugmynd um þær þjáningar sem hún átti í vændum. Hún hafði drukkið ofan í sig orm (Lizard) er akslaðist í innyflunum. Eftir nokkurn tíma fékk hún svo mikinn viðþjóð á mjólk að hún mátti ekki sjá hana, og ágerðist það altaf meir og meir. Hún misti matarlystina, en neyddist þó til, vegna hinna kynlegu kvala í maganum að éta, brauðskorpur og hafragrjónasúpu til að lina þjáningarnar. Hún brúkaði meðal við meltingarleysi, og meðul sem áttu við alla mögulega magakvilla, en það kom alt fyrir ekkert. Hún skifti um lækna og komst þá hinn nýji læknir að því að hún hefði orma (Lizards) í maganum, og gaf hann henni meðul til að eyða þeim. Í þrjú ár þjáðist vesalings konan bæði andlega og líkamlega. Allur líkaminn, nýrun, lifrin og maginn voru úr lagi gengin. Hjartslátturinn var tíður og veikur, og henni fanst hún ætla að kafna annað slagið. Minnið var því nær farið og taugakerfið var svo veiklað af lítilfjörlegasta viðvik olli veikindakasti á augabili. Hvort sem hún sat eða stóð hafði hún svima og leit aumingjalega út. Eftir að búið var að ná ormunum ráðlagði læknirinn Dr. Williams Pink Pills og brúkaði hún því þrjár öskjur af þeim en þar eð henni fanst sér ekki batna af þeim hætti hún við þær. Um þetta leyti lagði Mrs. Haight, sem hafði sjálf nýlega læknast af influenza fyrir brúkun á Pink Pills, — gekk mjög fast að Mrs. Westfall að fara að brúka þær aftur. Hún fór að ráðum Mrs. Haights, og afleiðingarnar komu bráðlega í ljós. Matarlystin fór vaxandi, heilsan batnaði og styrkurinn óx. Nú getur hún unnið öll sín húsverk sjálf og er eins hress eins og hún hefir nokkru sinni verið. Hún segist ekki geta mælt eins sterklega með Pink Pills eins og þær eiga skilið, og þakkar hún þeim algerlega bata sinn.

Mrs. Haight, sem áður er getið um er mjög glöð yfir bata sínum, enda er hún eins hress eins og hún hefir nokkru sinni verið, og um leið staðfestir hún vitnisburð Mrs. Westfall.

Þessar pillur eru óyggjandi við öllum sjúkdómum sem stafa af skemdu blóði og lömuðu taugakerfi. Eru seldar hjá öllum lyfsölum, og fást með pósti frá Dr. Williams' Medicine Co. Brockville, Ont. og Schenectady, N. Y. fyrir 50 cts. öskjan eða 6 öskjur fyrir $2.50.

Peningar!
Peningar!
Peningar!

VÉR ÞURFUM

$3000.00

fyrir 1. Janúar í

Blue Store.

MERKI: BLÁ STJARNA.

434 Main Str.

Hvað sem það kostar
Þá þurfum vér að fá það
Vér verðum að fá þessa peningaupphæð með einhverju móti fyrir nýár. Blíðviðrin sem gengið hafa nú um tíma, hafa skemt fyrir oss verzlanina og þess vegna verðum við nú að reyna að bæta það upp fyrir nýár. Vér vörum alla við að eyða peningum sínum fyrir fót, þangað til þeir hafa reynt hvað þeir getaa fengið fyrir þá í BLUE STORE.

Takid eftir!

Buxur	$1.00
Fallegar vaðmálsbuxur	$1.50
Buxur, $6.50 virði	$3.50
Alfatnaðir, með allskonar litum, $9.50 virði	$6.00
Alfatnaðir með tvíhneftum treyjum	$8.00
Alfatnaðir úr skozku vaðmáli, $17.00 virði,	$10.00
Karlmanna-kragar úr bezta efni	$2.00
	og yfir

Öll fót pössuð á í búðinni.

The Blue Store,

MERKI: BLA STJARNA.

434 MAIN STR.

A. Chevrier.

Sveitarlífið og Reykjavíkurlífið,

fyrirlestur eftir mesnta og gáfukonuna Briet Bjarnhéðinsdóttir, konu Valdimars ritstj. Ásmundssonar.

Fyrirlesturinn er 56 bls. að lengd og er skarplega dregin pennamynd af lífi manna á Íslandi. Er hann fróðlegur fyrir alla, en þó sérstaklega fyrir þá, sem yfirgáfu ættjörðu sína á unga aldri

Fáein eintök fást keypt á afgreiðslu stofu Hkr.

Eintakid 20 cents.

Bústaðar-skifti.

Hér með læt ég landa mína vita, að ég er fluttr frá Cavalier til Hamilton og er reiðubúinn til að selja ykkur greiða þegar þið komið hingað, móti borgun út í hönd. Ég er eins vel undirbúinn að mæta ykkur nú eins og ég hefi verið nokkurn tíma áður.

Með virðingu.
RUNÓLFUR SIGURÐSSON.

Til rentu

eru herbergi á Broadway House, bæði fyrir fjölskildu og lausafólk, mjög þægileg fyrir veturinn. Þess skal getið að brunnur er við húsið með ágætu vátni. Komið og skoðið herbergin og spyrjið um leiguskilmála hjá

T. Finkelstein,
Broadway House.

STEINOLÍA

á 20, 25 og 30 cts. gallonið.

Flutt borgunarlaust til allra staða í borginni. Pantahir sem lagðar eru inn hjá undirskrifuðum verða afgreiddar fljótt og vel:

Thorbj. Guðmundsson 519 Nellie Ave, Ólafur Ólafsson 216 Nena Str. Jacob Thorsteinsson 124 Lydia Str. eða

J. S. BAIN
EIGANDA. Toronto Str.

THE FERGUSON CO.
403 Main Str.

Bækur á ensku og íslenzku, íslenzkar sálmabækur. Ritáhöld ódýrusta í borginni. Fatasnið af öllum stærðum.

Íslendingar!

Þér fáið hvergi betri hárskurð og rakstr en hjá

Sam. Montgommery,

Rakstur 10 cents. Hárskurður 15 cents.
. . . . 671 Main Str.
Eftirmaður S. J. Schevings.

ÍSLENZKR LÆKNIR

DR. M. HALLDORSSON,
Park River — N. Dak.

Dominion of Canada.

Abylisjardir okeyPis fyrir milionir manna.

200,000,000 ekra

í hveti og beitilandi í Manitoba og Vestr-territoríunum í Canada ókeypis fyrir landnema. Djúpr og frábærlega frjósamr jarðvegr, nægð af vatni og skógi, og meginhlutinn nálægt járnbrautum. Afrakstr hveitis af ekrunni 20 bushel, ef vel er umbúið.

Í inu frjósama belti

í Raudárdalnum, Saskatchewan-dalnum, Peace River-dalnum og umhverfisliggjandi sléttlendi eru feikna-miklir flákar af ágætasta akrlendi, engi og beitilandi—inn víðáttumesti fláki í heimi af lítt bygðu landi.

Málmnámaland.

Gull, silfr, járn, kopar, salt, steinolía o. s. frv. Ómældir flákar af kolanámalandi; eldiviðr því tryggr um allan aldr.

Járnbraut frá hafi til hafs.

Canada-Kyrrahafs-járnbrautin í sambandi við Grand Trunk og Inter-Colonial-brautirnar mynda óslitna járnbraut frá öllum hafnstöðum við Atlanzhaf í Canada til Kyrrahafs. Sú braut liggr um miðhlut frjósama beltisins eftir því endilöngu og um hina hrikalegu, tignarlegu fjallaklasa, norðr og ver n og um in nafnfrægu Klettafjöll Vestrheims.

Heilnæmt loftslag.

Loftslagið í Manitoba og Norðvestrlandinu er viðrkentið heilnæmasta í Ameríku. Hreinviðri og þurviðri vetr og sumar; vetrinn kaldr, en bjartr og staðviðrasamr; aldrei þoka og súld og aldrei fellibyljir, eins og sunnar í landinu.

Sambandsstjórnin í Canada

gefr hverjum karlmanni yfir 18 ára gömlum og hverjum kvennmanni, sem hefir fyrir familíu að sjá,

160 ekrur af landi

alveg ókeypis. Hinir einu skilmálar eru, að landnemi búi á landinu og yrki það. Á þann hátt gefst hverjum manni kostr á að verða eigandi sinnar ábýlis jarðar og sjálfstæðr í efnalegu tilliti.

Íslenzkar nýlendur

í Manitoba og canadiska Norðvestrlandinu eru nú þegar stofnaðar í 6 stöðum Þeirra stærst er NÝJA ÍSLAND, liggjandi 45—80 mílur norðr frá Winnipeg á vestrströnd Winnipeg-vatns. Vestr frá Nýja Íslandi, í 30—25 mílna fjarlægð er ALFTAVATNS-NÝLENDAN. Í báðum þessum nýlendum er mikið af ónumdu landi, og báðar þessar nýlendr liggja nær höfuðstað fylkisins, en nokkr hinna. ARGYLE-NÝLENDAN er 110 mílur suðvestr frá Winnipeg; ÞINGVALLA-NÝLENDAN, 260 mílur norðvestr frá Winnipeg; QU'APPELLE-NÝLENDAN um 20 mílur suðr frá Þingvalla-nýlendu, og ALBERTA-NÝLENDAN um 70 mílur norðr frá Calgary, en um 900 mílur vestr frá Winnipeg. Í síðast töldum 3 nýlendunum er mikið af óbygðu, ágætu akr- og beitilandi.

Frekari upplýsingar í þessu efni getr hver sem vill fengið með því, að skrifa um það:

H. H. SMITH,
Eða B. L. Baldwinson, *til. umboðsm.*
Winnipeg, - - - - Canada.

mönnum að hlaupa upp í vígskörðin að Ízium, eða svo sögðu gömlu skeytin frá vígvellinum".

"Það er rétt, herra", svaraði læknirinn. "Vesilings Nevel féll fyrir skotum Tyrkja, er hann leiddi sinn litla flokk móti heilum herskara. En Valdai kom heim og fékk óbersta nafnbót og laun".

"Og síðarmeir aðalsmanns nafnbót?" sagði Pétur spyrjandi.

"Já, herra".

"Svo þessi byssusmiður er sonur kapteinsins", hélt Pétur áfram.

"Já, herra".

"Mig minnir að Valdai láti eftir sig eitt barn".

"Já, herra—dóttur, sem nú er hjá Olga. Hann er fjárhaldsmaður hennar".

"Einmitt, einmitt. Og greifinn gekk á hólm við Nevel hinn yngra og mátti miður, er ekki svo?"

Lengra varð ekki samtalið, því inn gekk þjónn og sagði, að Olga hertogi af Tulu æskti viðtals við hans hátign. Pétur sagði að senda hann inn, og innan skamms gekk hinn dramblláti hertogi í salinn. Hann var bæði hár og digur, með ljóst hár og blá augu og á að geta hálfertugur að aldri. Svipur hans og látbragð bar vott um meir en lítið dramb, en nú var hann þó að myndast við að beygja svirann og sýna keisaranum virðingu.

"Herra!" sagði Olga, eftir að hafa heilsað

"Nei, herra", svaraði Rúrik. "Pétur Rússakeisari er ekki maður, sem ástæða er til að óttast, svo framarlega sem menn elska hann og virða".

"Ósvífni!" tók hertoginn fram í.

Pétur leit framan í hann og hélt þá hertoginn áfram:

"Nú, herra, sjáið þér sjálfur hvernig hann er innrættur".

"Já, svaraði keisarinn, "ég sé það. Lyndiseinkunnir hans eru yfirgengilegar, og ég vissi ekki að á meðal handverksmanna vorra væru til svona einarðir menn".

Hertoginn vissi ekki hvernig hann átti að skilja þetta og færði sig svo skrefi fjær, án þess að segja meira.

"Segið mér þá, herra minn". sagði keisarinn við Rúrik, "hvernig á því stóð, að þér dirfðust að slást upp á rússneskann aðalsmann?"

"Það gerði ég ekki, herra. Konráð Damanoff kom í smiðju mína og fæði mér skjal, sem ég var beðinn—nei, sem mér var skipað—að skrifa undir, en innihald þess var. að ég afsalaði mér öllu tilkalli til meyjar—".

"Herra", tók hertoginn fram í, "hann segir ekki rétt frá".

"Sleppum þessu", svaraði Pétur og veifaði hægri hendinni óþolinmæðislega. "Oss varðar ekkert um þessi kvennamál hér. En hvers vegna slóguð þér greifann?"

"Af því, herra, að hann sló mig fyrst. Hana

og sló hann flatann, eftir að hafa barið hann í andlitið. Ég man ekki hvaða hélzt hótanir smiðurinn þá hafðt í frammi, en þær voru hræðilegar".

"En hvað um einvígið?" spurði keisarinn.

Urzen fór þá til og sagði söguna, sem hann hafði búið til um það, hvað gerzt hafði á vígvellinum. Var sú frásaga að sama skapi sönn eins og sú um fundinn í smiðjunni; með öðrum orðum, aðallega öfug við sannleikann. Hann sór jafnvel og sárt við lagði, að greifinn hefði gert ítrekaðar tilraunir að stilla til friðar, eftir að orustan var byrjuð og beðið Nevel að gæta sín, en að hann blöðþyrstur, óður og ær, hefði engu tilboði sinnt, en lagt alt kapp á að úthella hjartablóði greifans.

Þegar hér var komið sögunni, sendi keisarinn, án þess nokkur vissi af, eftir Rúrik og Alarik, lauteuant við Khitagerod herstöðina, er hann hafði frétt að verið hefði hólmgönguvottur. Alarik kóm fyrst og var fyrir í salnum, þegar Rúrik kom inn.

Og nú stóð Rúrik fyrir keisaranum. Pétur horfði á hann um stund og sagði síðan: "Þér eruð djarfmannlegur, herra minn!"

"Hví skyldi ég ekki vera það", svaraði Rúrik, "þegar ég stend frammi fyrir herra mínum, sem ég elska, en óttast ekki". Þetta sagði Rúrik einarðlega, en undireins hæversklega.

"Óttist ekki?" tók Pétur upp spyrjandi eg hvessti augun.

Pétri. "Ég er hér kominn til að heimta réttlæti af yðar hendi. Minn ungi vinur. Damanoff greifi, hefir verið þrælslega myrtur!"

"Hvað! Segið þér það Olga?"

"Já, herra".

"Hvernig var því varið?"

"Þannig, herra: Í fyrra dag sendi ég greifann með boðskap til Rúriks nokkurs Nevels, sem er byssusmiður í Slobodia. Hann gerði sem ég bað, en á meðan hann var í smiðjunni réðist byssusmiðurinn, sem er heljarmenni, á hann og feldi að jörðu. Auðvitað reiddist greifinn, og þar sem dóninn hótaði að ráðast á hann aftur, og þar eð hann enn fremur smánaði í orðum tiginborna frú, sem greifanum er sérlega kær, þá gat hann ekki annað gert en skorað hann á hólm. Smiðurinn tók áskoruninni og með bleyðilegustu brögðum hefir honum tekizt að veita greifanum banvænan áverka".

"Þetta er alvarlegt málefni", svaraði keisarinn, er hafði tekið eftir því, hve steinhissa læknirinn varð á þessari ræðu.

"Alvarlegt í æsta máta, herra. Auðvitað verður fantur þessi strax tekinn af".

"Sögðuð þér ekki að greifinn hefði skorað hann á hólm?" spurði Pétur.

"Jú, herra, það gerði ég víst, en þér verðið að gæta þess, að það er tíginbornum mönnum eðlilegust áhrif til að verja sjálfa sig. Hitt er líka víst, að fantur sá hefði myrt greifann, ef hann hefði ekki tekið þetta til bragðs".